



Félags- og húsnæðismálaráðherra,
Eygló Harðardóttir,
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,
101 Reykjavík

20. apríl 2016

Landssamtökun Proskahjálp (Lþ) reka húsbyggingasjóð til að greiða fyrir möguleikum fatlaðs fólks til að fá hentugt húsnæði á kjörum sem það getur ráðið við og hafi þar með betri möguleika til sjálfstæðs og eðlilegs lífs. Húsbyggingasjóður samtakanna hefur keypt eða byggt íbúðir á nokkrum stöðum á landinu og átt um það samstarf við viðkomandi sveitarfélög. Íbúðirnar eru leigðar fötluðu fólk samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi sveitarfélaga. Opinber stuðningur og annað sem dregur úr kaup- eða byggingarkostnaði kemur íbúunum beint til góða í formi lægra leigugjalds.

Með vísan til þess sem að framan er rakið viljum við áréttu að við teljum mjög mikilvægt að stjórnvöld greiði fyrir því því að fatlað fólk eigi kost á hentugu húsnæði á sanngjörnum kjörum

Landssamtökun Proskahjálp og Sandgerðisbær undirrituðu 8. mars sl. samkomulag um samstarf við uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk í Sandgerðisbæ (sjá meðfylgjandi ljósrit).

Í 3. tl. samkomulagsins segir:

Aðilar eru sammála um að fylgjast með framgangi lagafrumvarpa varðandi húsnæðismál sem eru til meðferðar á Alþingi og taka ákvarðanir, eftir því sem mögulegt er, um upphafstíma byggingar og verklok m.t.t. þess að þeir muni njóta þeirra kjara sem kunna að bjóðast samkvæmt nýjum lögum og reglum ef þau verða þeim hagstæðari en þau kjör sem bjóðast samkvæmt nágildandi lögum og reglum. Aðilar munu leitast við að ná samkomulagi um endurskoðun eða framlengingu þessa ákvæðis þegar fyrir liggur hvort og þá hvernig yfirstandandi löggjafarþing, 2015-2016, afgreiðir þau lagafrumvörp sem þýðingu hafa í þessu sambandi.

Ástæða þess að aðilum að samkomulaginu þótti rétt að hafa þar ofangreint ákvæði varðandi upphafstíma og verklok er að í 1. ml. 4. mgr. 12. gr. frumvarps til laga um almennar íbúðir sem nú er til meðferðar á Alþingi segir:

Óheimilt er að veita stofnframlag vegna íbúðarhúsnæðis sem hefur verið keypt eða bygging hafin á áður en sótt er um stofnframlag til íbúðaláanasjóðs eða sveitarfélags.

Þá segir í lokamálsgrein 13. gr. frumvarpsins:

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu stofnframlaga, þar á meðal um lágmarksfjölda almennra íbúða, gerð almennra íbúða, stærðir þeirra, viðmið um ákvörðun leigufjárhæðar, hagkvæmni, verð og byggingarkostnað, svo og úrræði til þess að tryggja sem lægst leiguverð og þinglýsingu leigusamninga.

Í 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins segir:

Íbúðaláanasjóður skal auglýsa eftir umsóknum um stofnframlög ríkisins.

Og í lokamálsgrein 14. gr. segir:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um umsóknir um stofnframlög og þær upplýsingar sem þar skulu koma fram og málsmeðferð þeirra.

Við ritum yður þetta bréf og vísum í ofangreind ákvæði frumvarpsins til að vekja athygli á því að eðlilegt og jafnvel óhjákvæmilegt er að framkvæmdir sem eru í undirbúningi, eins og þær sem samkomulag Landssamtakanna Proskahjálpar og Sandgerðisbæjar sem vísað er til hér að framan, taki mið af ákvæðum fyrnefnnds frumvarps og þeirra áhrifa sem byggingarkostnaður hefur á þau leigukjör sem mögulegt verður að bjóða íbúunum. Eins og fyrr kom fram er samkvæmt frumvarpinu óheimilt „að veita stofnframlag vegna íbúðarhúsnæðis sem hefur verið keypt eða bygging hafin á áður en sótt er um stofnframlag til Íbúðaláanasjóðs eða sveitarfélags.“ Ekki verður séð að mögulegt verði að sækja um stofnframlag samkvæmt frumvarpinu fyrr en reglur hafa verið um það settar af til þess bærum stjórnvöldum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og þeirrar óvissu sem er um framgang umrædds lagafrumvarps, eins og almennt er um framgang frumvarpa, viljum við hvetja yður til að skoða hvort og þá hvernig megi tryggja að þeim sem hafa í hyggju að hefja slíkar framkvæmdir á næstunni muni gefast kostur á að njóta þeirra kjara sem kunna að bjóðast samkvæmt nýjum lögum ef þau verða þeim hagstæðari en þau kjör sem bjóðast samkvæmt núgildandi lögum og reglum.

Virðingarfyllst,

Landssamtök
Proskahjálpar
KL 521176 0406

Árni Múli Jónasson,
framkvæmdastjóri Lp

Sigrún Árnadóttir
BÆJARSTJÓRINA
SANDGERÐISBÆ

Sigrún Árnadóttir,
bæjarstjóri Sandgerðisbæjar

Hjál.

Ljósrit af samkomulagi Landssamtakanna Proskahjálpar og Sandgerðisbæjar, dags. 8. mars 2016.